



## Töluverð minnkun atvinnuleysis í apríl – þróunin á réttri leið

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í apríl 10,4% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 11,0% frá því í mars. Um 24.300 manns voru á atvinnuleysisrá í apríl, þar af um 20.000 atvinnulausir og um 4.300 atvinnulausir í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið var 1,1% og var óbreytt milli mánaða. Heildaratvinnuleysi í apríl var því 11,5% samanborið við 12,1% í mars og minnkaði þannig um 0,6 prósentustig.


Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu milli mars og apríl. Mest dró úr atvinnuleysi á Austurlandi, um 2,6 prósentustig, og á Suðurnesjum um 1,6 prósentustig. Almennt er reiknað með að atvinnuleysi minnki þegar líður á árið 2021 og hefur bjartsýni aukist eftir að bólusetningar hófust af krafti og með auknum komum ferðamanna. Okkar möguleikar í því sambandi eru reyndar líka mjög háðir sömu þróun í okkar helstu viðskiptalöndum.

Vinnuálastofnun spáir því að áfram dragi úr almennu atvinnuleysi í maí og að það verði í kringum 9,5%, m.a. vegna árstíðarsveiflu og sérstaks atvinnuáttaks stjórnvalda. Atvinnuleysi hefur nú minnkað þrjá mánuði í röð og því lítur nú út fyrir að hámarki atvinnuleysis hafi verið náð. Atvinnuleysið var hins vegar um 5% í upphafi ársins 2020 og því langt í land þar til við sjáum aftur svipað atvinnuleysisstig og þá.

### Staðan enn alvarlegust á Suðurnesjum


Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 21,6% í apríl og minnkaði um 1,6 prósentustig frá mars. Almennt atvinnuleysi var 24,5% í janúar og hefur nú minnkað þrjá mánuði í röð, alls um 2,9 prósentustig. Almennt atvinnuleysi þar er eftir sem áður rúmlega tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða 10,4%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 9,9%. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur.

Atvinnuleysi 2020 og 2021



Heimild: Vinnuálastofnun

Almennt atvinnuleysi í mars og apríl 2021




Heimild: Vinnuálastofnun



## Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild

Á síðustu árum hefur atvinnuleysi kynjanna þróast með svipuðum hætti sé litið á landið allt. Á árinu 2020 var meðalatvinnuleysi bæði karla og kvenna 7,9%, en árin tvö þar á undan var atvinnuleysi kvenna 0,2-0,3 prósentustigum meira en hjá körlum. Fyrstu fjóra mánuði ársins 2021 hefur atvinnuleysi karla verið 11,2% á meðan það var 11,0% meðal kvenna. Á milli mars og apríl minnkaði atvinnuleysi karla á landinu öllu um 0,9% á meðan það minnkaði um 0,4% meðal kvenna. Atvinnuleysi karla var 10,3% í apríl og 10,5% meðal kvenna.

## Heildaratvinnuleysi í apríl 2021



Heimild: Vinnuálastofnun

## Staða kynjanna mismunandi eftir svæðum


Atvinnuleysi karla og kvenna er svipað víðast hvar á landinu. Heildaratvinnuleysi karla er þó einungis meira en kvenna á höfuðborgarsvæðinu og á Vestfirðum. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var 5,7 prósentustigum meira en meðal karla í apríl og minnkaði um 1,1 prósentustig frá mars á meðan það minnkaði um 1,9 prósentustig meðal karla. Töluverður munur er einnig á atvinnuleysi kynjanna, konum í óhag, á Vesturlandi og Suðurlandi.

Sé litið til breytinga milli mars og apríl minnkaði atvinnuleysið mest meðal kvenna á Austfirðum, eða um 4,1 prósentustig. Næst mest minnkaði atvinnuleysi meðal karla á Austfirðum, eða um 2,8 prósentustig. Á milli mars og apríl jókst atvinnuleysi einungis meðal kvenna á Suðurlandi, um 0,1%.

## Ástæða til bjartsýni

Eins og áður segir lítur út fyrir að hámarki hafi nú verið náð varðandi atvinnuleysi í þessari kreppu. Ánægja ríkir með árangur í bólusetningum og nú er mikið horft til baráttunnar við faraldurinn í helstu viðskiptalöndum okkar sem hefur óneitanlega töluverð áhrif á þróun atvinnuleysis hér á landi.

## Atvinnuleysi karla og kvenna



Heimild: Vinnuálastofnun

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.